



## SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Mánudagur, 1. desember 2014  
Ákvörðun nr. 34/2014

### **Breyting á sátt Landsbankans við Samkeppniseftirlitið vegna kaupa Landsbankans á hlutafé Ístaks hf. árið 2013**

#### **I.**

##### **Málavextir**

Með ákvörðun nr. 35/2013, *Kaup Landsbankans á hlutafé í Ístaki hf.*, setti Samkeppniseftirlitið eignarhaldi Landsbankans á Ístaki skilyrði sem miða að því að hraða sölu Ístaks frá Landsbankanum og draga úr mögulegum samkeppnisvandamálum sem leiða af eignarhaldi bankans.

Í kjölfar ákvörðunarinnar hefur Landsbankinn upplýst Samkeppniseftirlitið um eftirfylgni við skilyrði ákvörðunarinnar. Þar á meðal hefur bankinn rakið tilraunir til sölu á grundvelli ákvæða ákvörðunarinnar, sem ekki hafa leitt til niðurstöðu. Þá hefur bankinn upplýst eftirlitið um afkomu félagsins og fyrirbyggjandi áform um að koma félaginu úr eigu bankans. Ennfremur liggur fyrir að eignarhald á Ístaki hefur verið fært í eignarhaldsfélag bankans sem felur í sér meiri fjarlægð frá bankanum.

Með hliðsjón af framkomnum upplýsingum er það mat Samkeppniseftirlitsins að nauðsynlegt sé að gera breytingar á núgildandi skilyrðum, með það að markmiði að hraða úrlausn málsins og þar með draga úr mögulegum samkeppnisvandamálum sem leiða af eignarhaldi bankans, sbr. meginmarkmið ákvörðunar nr. 35/2013. Vegna þessa telur Samkeppniseftirlitið nauðsynlegt að gera breytingar á 1. gr. ákvörðunarorða um sölu félagsins, til þess að tryggja að ákvæðið tefji ekki eða hindri úrlausn málsins. Ennfremur eru gerðar breytingar á skilyrðunum í tilefni af því að eignarhald á Ístaki hefur verið fært í eignarhaldsfélag.

Landsbankinn hefur fallist á framangreindar breytingar á ákvörðuninni.

#### **II.**

##### **Ákvörðunarorð:**

**Samkeppniseftirlitið mælir fyrir um eftirfarandi breytingar á ákvörðun nr. 35/2013, *Kaup Landsbankans á hlutafé í Ístaki hf.*:**

#### **1.**

**Grein 1 í ákvörðun nr. 35/2013 orðast svo:**



## **1. Söluskylda og sölumáti**

**Landsbankinn skal selja eignarhlut sinn í Ístaki eða hætta rekstri félagsins eins fljótt og verða má og eigi síðar en [...]¹.**

**Samkeppniseftirlitið getur framlengt sölufrest skv. 1. mgr. samkvæmt umsókn bankans. Í umsókn um framlengingu sölufrests skal rökstutt hvaða atvik hindra sölu. Ef umsóknin byggist á því mati bankans að erfiðar markaðsaðstæður eða sérstakar aðstæður í rekstri eða rekstrarumhverfi Ístaks hamli sölu innan frests skv. 1. mgr. skal með henni fylgja álit frá óháðum kunnáttumanni þar sem framangreint mat bankans er staðfest.**

**Eftirlitsaðili bankans, sbr. kafla 4 hér á eftir, skal fylgjast með úrlausn málsins.**

## **2.**

**Grein 2.3 í ákvörðun nr. 35/2013 orðast svo:**

### **2.3 Tryggja skal sjálfstæði Ístaks gagnvart Landsbankanum**

**Eignarhlut Landsbankans í Ístaki skal komið fyrir hjá eignarhaldsfélagi í eigu Landsbankans. Mun eignarhaldsfélagið fara með eignarhlutinn og sinna hagsmunagæslu f.h. Landsbankans sem hluthafa í Ístaki. Landsbankinn staðfestir að starfsmenn eignarhaldsfélagsins sitja ekki í lánanefnd bankans þar sem teknar eru ákvarðanir um útlán til Ístaks, keppinauta og mikilvægra viðskiptavina Ístaks. Rekstur Ístaks skal vera aðskilinn frá öðrum rekstri bankans.**

**Tryggja skal að starfsmenn bankans sem sinna hagsmunagæslu f.h. bankans sem hluthafa í Ístaki starfi ekki á þeim sviðum bankans sem taka ákvarðanir um útlán til keppinauta eða mikilvægra viðskiptavina Ístaks.**

**Landsbankinn skal tryggja með nauðsynlegum aðgerðum að starfsmenn bankans sem taka ákvarðanir um útlán til keppinauta eða mikilvægra viðskiptavina Ístaks fari með viðkvæmar trúnaðarupplýsingar þannig að ekki skapist hætta á óeðlilegum gerningum eða röskun á samkeppni.**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

---

<sup>1</sup> Upplýsingar í hornklofa [...] í þessu skjali felldar út vegna trúnaðar.